

6. fundur fræðslu- og æskulýðsnefndar vegna Flúðaskóla árið 2010, haldinn 29. september kl. 14.00, í Flúðaskóla 3. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir fulltrúi kennara, Jón Vilmundarson, varamaður Ingvars og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði, boðaði forföll.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Erindisbréf fræðslunefndar.
3. Gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Vinnulag og undirbúningur.
4. Túlkaþjónusta fyrir erlenda foreldra/forráðamenn.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólakynningafundir voru miðvikudaginn 1. september og var mæting svipuð og undanfarin ár eða svona sæmileg.

Skólafærninámskeið var fyrir foreldra 1. bekkinga og var mæting góð.

Í vetur verða starfræktir tveir kórar í Flúðaskóla, annars vegar er yngri barnakór sem er inni töflu hjá 1. 2. og 3. bekk. Svo er eldri barnakór fyrir 4. bekk og upp úr. Æft verður á þriðjudögum eftir skóla eða frá kl. 15:15-16:15. Góð þátttaka er í eldri barnakórnum eða um tuttugu krakkar.

Nemandi í 5. bekk, Mathias Bragi, komst í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Hann tók þátt í tveggja daga vinnusmiðju á vegum NKG í Reykjavík.

Samræmd próf voru í 4., 7. og 10. bekk 20. – 24. september.

Flúðaskóli tekur þátt í verkefninu Göngum í skólann sem haldinn er í september á Íslandi en það er alþjóðlegt verkefni sem hófst í Bretlandi árið 2000 og hefur þátttaka aukist ár frá ári. Á alþjóðavísu er Göngum í skólann mánuðurinn í október og Alþjóðlegi Göngum í skólann dagurinn í ár er 6. október. Verkefnið hófst hjá okkur 14. september með því að nemendur og starfsfólk gengu á Miðfellið í blíðskaparveðri, þegar upp var komið skrifuðu flestir í gestabókina sem er þar uppi. Það var glaður og svangur hópur sem kom til baka eftir tæplega þriggja tíma útiveru. Bekkjarkennarar eru síðan með ýmis verkefni í gangi sem tengjast verkefninu.

Nýr skólahjúkrunarfræðingur Guðný Arngrímsdóttir er hjá okkur á þriðjudagsmorgnum.

Skólavísir á vera kominn heim til allra nemenda.

Sex nemendur í 10. bekk stunda fjarnám bæði í FSu og FÁ. Í FSu þarf eingöngu að greiða fyrir próftöku en þar er engin kennsla veitt af skólans hálfu. Þeir nemendur sem völdu að fara FÁ þurfa að greiða skólagjöldin sjálfir sem hafa hækkað umtalsvert, öll kennsla er í höndum FÁ. Eins og áður veita kennarar Flúðaskóla þá aðstoð sem möguleg er. Tveir nemendur í 10. bekk stefna að því að útskrifast um áramótin frá Flúðaskóla.

Árni Þór og Guðmundur Guðfinnsson sjá um skákkennslu í vetur. Þeir fara einu sinni í viku í mismunandi bekkjadeildir þannig að allir nemendur fái að kynnst skáklistinni.

2. Erindisbréf fræðslunefndar.

Formaður lagði fram fyrstu drög að erindisbréfi. Málið rætt og samþykkt að Unnsteinn sendi ný drög á fundarmenn sem geri síðan athugasemdir.

3. Gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Vinnulag og undirbúningur.

Skólastjóri fór yfir málið. Samþykkt að skólastjóri boði til vinnufundar þar sem farið verður yfir rekstrartölur fyrir skólann og unnið að gerð fjárhagsáætlunar.

4. Túlkaþjónusta fyrir erlenda foreldra/forráðamenn.

Skólastjóri fór yfir málið. Þörf fyrir túlkaþjónustu er vaxandi á næstu misserum. Samþykkt að beina því til sveitastjórnar að mörkuð verði stefna í íslenskukennslu og túlkaþjónustu fyrir íbúa af erlendum uppruna.

5. Önnur mál.

- a. Fundartími fræðslunefndar. Samþykkt að fundartími nefndarinnar verði að jafnaði kl. 13.00, síðasta miðvikudag hvers mánaðar.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 14.45